

# 11. FUNDUR Í STJÓRN UPPBYGGINGARSJÓÐS VESTURLANDS

---

**BORGARNESI, FÖSTUDAGINN 11. OKTÓBER 2019 KL. 10:00**

Fundur haldinn í stjórn Uppbyggingarsjóðs Vesturlands, föstudaginn 11. október kl. 10:00 á skrifstofu SSV í Borgarnesi.

Mætt voru: Helena Guttormsdóttir formaður stjórnar, Kristján Sturluson og Sigríður Finsen. Brynjar Sigurðsson og Jónína Erna Arnardóttir boðuðu forföll.

Auk þess sátu fundinn Ólafur Sveinsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Helga Guðjónsdóttir og Svala Svavarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

## 1. FUNDARSETNING

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

## 2. UMSÓKNIR UM STYRKI TIL ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARSTYRKJA

Atvinnuráðgjafarnir, Ólafur Sveinsson, Helga Guðjónsdóttir og Ólöf Guðmundsdóttir gerðu grein fyrir mati fagraðs á umsóknum um styrki til atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Úthlutunarnefndin fór yfir allar umsóknirnar og ræddi mat fagraðs. Samþykkt var að úthluta kr. 9.350.000 til 9 umsókna, en alls bárust 23 umsóknir um styrki.

Úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs fer fram 23. október n.k. í Landnámssetrinu.

## 3. NÆSTA ÚTHLUTUN UPPBYGGINGARSJÓÐS

Rætt um næstu úthlutun Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Samþykkt að byrja að auglýsa í fyrstu vikunni í nóvember og umsóknarfresti ljúki á bilinu 10. -15. desember 2019. Stefnt að því að úthluta í lok janúar 2020.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:10.